

Skipulagsstofnun
Jón Ágúst Jónsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 23. maí 2022
UST202203-323/B.S.
10.05.04

Efni: Mat á umhverfisáhrifum – umhverfismatsskýrsla – Blöndulína 3. Umsögn

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 25. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda framkvæmd.

Framkvæmdarlýsing

Um er að ræða lagningu háspennulínu frá Blönduvirkjun að tengivirki við Rangárvelli á Akureyri auk jarðstrengs frá Blöndulínu 3 að tengivirki við Varmahlíð.

Til glöggvunar er framkvæmdinni skipt í þrjú svæði: A sem er frá Blöndustöð að upphafspunkti jarðstrengs í Lýtingsstaðahrepp. Svæði B er frá endastöð jarðstrengs að mynni Norðurárdals og svæði C frá mynni Norðurárdals um Öxnadal til Akureyrar.

Skóðaðir hafa verið nokkuð margir valkostir og telur Landsnet að besti kosturinn sé að leggja línuna alla leið skv. valkosti A1-B1b og C2 ásamt ofangreindum jarðstreng. Lengd línunnar verður um 100 km. Samkvæmt þessu leiðarvali verður línun lögð frá Blöndustöð um Kiðaskarð niður í Mælifellsdal þaðan yfir Héraðsvötn og inn Norðurárdal um Öxnadalshéiði, Öxnadal, Moldhaugaháls og Kræklingahlíð að tengivirki ofan Akureyrar. Á leiðinni um Norðurárdal til Akureyrar mun Blöndulína 3 liggja samhliða núverandi Rangárvallalínu 1 sem ráðgert er að rífa þegar Blöndulína 3 er komin í rekstur eða þremur árum eftir að Blöndulína 3 verður komin í notkun.

Legu línunnar

Um árábil hefur verið ágreiningur um legu Blöndulínu, sérstaklega í Skagafirði, en einnig í Öxnadal. Helst er litið til sjónrænna áhrifa þegar um þessa sem aðrar háspennulínur er að ræða. Þetta leiðir oft til að línun er valinn staður fjarri byggð, oft inn á nánast óröskuð svæði.

Umhverfisstofnun hefur talið að velja ætti þessum mannvirkjum stað með öðrum innviðum, s.s. vegum og háspennulínum í stað þess að fara inn á algerlega ný svæði. Blöndulína 3 uppfyllir þessar óskir hvað varðar legu línunnar frá Héraðsvötnum að Akureyri. Þar sem hún fylgir vegi og eldri háspennulínu.

Hins vegar er lega línunnar skv. aðalvalkosti um nánast óraskað land í Kiðaskarði og að hluta til í Skagafirði svokallaðri leið B1b. Þarna er land víðast algróið og nokkuð mikið votlendi.

Að mati Umhverfisstofnunar eru kostirnir A1 og B1b verstu kaflar línunnar samkvæmt aðalvalkosti hvað umhverfisáhrif varðar. Um sjónræn áhrif línunnar þarf ekki að fjölyrða því væntanlega eru þau helsta ástæða þess að línunni er valinn þessi staður.

Sjónræn áhrif

Umhverfisstofnun vill benda á að þrátt fyrir að möstur í Blöndulínu séu hærrí en í Rangárvallalínu þá er það ekki eini munurinn á þessum línunum. Talsverð sjónræn áhrif felast í þéttleika mastra í eldri línunni þar sem þrjár til fjórar tré stæður eru fyrir hver tvö stálmöstur. Þetta vegur sennilega ekki upp muninn á umfangi að öllu leyti en kemur mjög vel í ljós þegar eldri línan verður fjarlægð.

Umhverfisstofnun bendir á að háspennulínur eins og Blöndulína 3 eru mjög áberandi mannvirki og er í raun lítið hægt að gera til að milda sjónræn áhrif línunnar. Þar er staðarval afgerandi hvað sjónræn áhrif og áhrif á landslag varðar. Hins vegar er unnt að nokkru leyti að bregðast við og draga úr umhverfisáhrifum sem tengjast efnistöku og lagningu vega og plana sem eru óhjákvæmilegur hluti framkvæmdarinnar. Í velgrónu landi á hálandum köflum getur verið erfitt og í sumum tilfellum að því er virðist nánast ómögulegt að bæta fyrir gróðurskemmdir sem óhjákvæmilega fylgja línulögnum. Eftir því sem framkvæmdasvæði liggur hærra í landi verður gróður viðkvæmari fyrir raski og veit Umhverfisstofnun dæmi þess að í masturstæðum á Laxárdalsheiði þar sem lína var lögð fyrir hátt í 50 árum síðan er gróðurframvinda á stöðum þar sem svarðlag hefur verið fjarlægt nánast engin.

Með ofangreint í huga ætti að reyna að staðsetja línuna þannig að hún fari sem næst jöðrum velgróins lands, sérstaklega þar sem línan fer um votlendi. Þetta mundi gefa aukna möguleika á því að leggja línuvegi í þurrara landi og spara efni þar sem slíkt er hægt. Fordast ætti eins og kostur er að opna nýja efnistökuastaði í algrónu landi þar sem sjónræn áhrif geta orðið mikil og erfitt að ganga frá hvað landmótun og uppgræðslu/endurheimt gróðurs varðar.

Fram kemur í greinargerð að ráðgert sé að taka svarðlag undan vegum og plönunum til að nýta við frágang. Umhverfisstofnun telur að þetta eigi ekki að gera sérstaklega í votlendi. Annars vegar vegna þess að svo virðist sem nokkur burður sé í sverðinum og hins vegar verður erfitt að geyma svarðlagið án þess að raska frekar gróðri og ekki verða mótaðir fláar þar sem torfur mundu nýtast því yfirleitt er reynt að hafa vegi og plön eins þunn og efnislítil og mögulegt er.

Umhverfisstofnun telur að framkvæmdir á votlendissvæðum verði vandasamari því hærra yfir sjávarmáli framkvæmdin er. Frágangur og uppgræðsla með staðargróðri eru vandasöm og er besta ráðið að raska gróðri sem minnst og helst að forðast alfarið að ráðast í mannvirkjagerð á slíkum svæðum.

Uppgræðsla og endurheimt gróðurs

Varðandi uppgræðslu og endurheimt gróðurs þarf að mati Umhverfisstofnunar að huga betur að samspili jarðvegs og gróðurs. Jarðvegur hefur ákveðna byggingu (strúktúr) sem virðist mjög viðkvæm fyrir breytingum. Sjá má í ýmiskonar gróðurlendi að ýmis gróður er mjög viðkvæmur fyrir umferð þar sem jarðvegi er þjappað saman þetta er áberandi í mólendi þar sem lyng virðist sérstaklega viðkvæmt. Einnig virðist fjalldrapi

vera viðkvæmur fyrir raski því þar sem torfur hafa verið fluttar hafa að því er virðist orðið mikil afföll fjalldrapa. Þessi gróður hefur þrífist oft í næringarlitlum jarðvegi og því virðist sem áburður gagnist misvel og yfirleitt verða grös meira áberandi á svæðum þar sem gróðurheimt/vistheimt hefur verið reynd.

Umhverfisstofnun telur að þar sem ætlunin er að fara um gróin og óröskuð/lítt röskuð svæði þurfi að líta til margra þátta framkvæmdarinnar til að draga úr neikvæðum áhrifum framkvæmdarinnar. Huga þarf að samspili línu og vega, huga að efnistöku þar sem forðast verði að raska algrónu landi. Í sumum tilfellum verður framkvæmdaaðili að sætta sig við langan akstur með efni og jafnvel ráðast í efnisvinnslu á hentugum stöðum til að minnka rask í grónu landi.

Umhverfisstofnun telur að leið A2 um Vatnsskarð að tengivirki við Varmahlíð sé besti kosturinn hvað varðar umhverfisáhrif sem óhjákvæmilega verða í grónu landi á leið A1 auk þess sem ekki væri þörf fyrir jarðstreng eins og og í aðalvalkosti.

Þar sem niðurrif Rangárvallalínu má telja hluta þeirrar framkvæmdar sem hér um ræðir ætti að gera ráð fyrir að gengið verði frá múffum og öðru raski við stæðurnar og þar sem ummerki eru eftir línuvinnuna verði þau lagfærð eins og unnt er. Velja þarf réttan verk tíma þar sem oftast eru einungis burðarlitlir troðningar til staðar. Vanda þarf til þessa verks þar sem línan liggur víða í alfaraleið og verður því frekara rask mjög áberandi. Umhverfisstofnun telur að Landsnet þurfi að skilgreina verklag við niðurrif eldri lína til að tryggja samræmi í vinnubrögðum og að allt rask sem unnt er að rekja til línunnar verði lagfært.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við umhverfismatsskýrsluna.

Virðingarfyllst,

Sverrir Aðalsteinn Jónsson,
teymisstjóri

Agnes Þorkelsdóttir,
sérfræðingur